



# STARFSLÝSING

**Yfirmaður:** Skólastjóri

**Stofnun / Deild:** Grunnskólar Fjarðabyggðar

## 1. Stjórnskipun, ábyrgð markmið og meginviðfangsefni

Starfið heyrir undir skólastjóra grunnskóla og er starfsmaður ábyrgur í störfum sínum gagnvart skólastjóra. Starfsmaður annast faggreina- og eða sérgreinakennslu samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár og stefnu skólans og starfar samkvæmt lögum og reglugerð um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu sveitarfélagsins.

## 2. Helstu verkefni

- Að skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið grunnskólalaga og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni.
- Að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólastjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á.
- Að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastjóra viðvart ef umbóta er þörf.
- Að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur.
- Að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
- Að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi.

### 2.1. Teymisvinna

- Starfar með umsjónarkennurum og námsráðgjöfum og veitir upplýsingar um námsgengi einstakra nemenda.
- Starfar í fagteymum sem skipulögð eru af skólastjóra.
- Starfar með og veitir foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann, skólastarfið og gengi viðkomandi nemanda.

### 2.2. Samskipti

- Við starfsmenn skólans og íþróttamiðstöðvar.
- Við forráðamenn nemenda.
- Við utanaðkomandi ráðgjafa vegna nema.

### 2.3. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem að skólastjóri felur starfsmanni eða verkefni sem eru skilgreind á hans ábyrgðarsviði.

## 3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

### 3.1. Menntun og reynsla

- Réttindi til kennslu í grunnskóla
- Framhaldsmenntun er æskileg en ekki skilyrði.
- Góð tungumálakunnátta, íslenska og enska.
- Þekking á kennslu- og uppeldisfræði

- Hreint sakavottorð
- Þekking á helstu upplýsingakerfum.

### 3.2. Hæfnisþættir

- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Fjarðabyggð,

---

Skólastjóri

---

Starfsmaður